

## LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **21-101F025**

Dags: **10. október 2021**

Staður: **Á flugvöllinum við Bíldudal**

Lýsing: **Hlekkist á í landingu**

Flugmaður ásamt þremur farþegum flaug á flugvél TF-ELX (Textron A185F) frá Reykjavíkflugvelli til Vestfjarða, þar sem að hann hugðist m.a. lenda á flugvöllinum við Bíldudal.



Klukkan 14:06 hafði flugmaðurinn samband við flugradiómanninn í flugturninum á Bíldudal og fékk veðurupplýsingar. Heiður himinn var þá yfir Bíldudal í Arnarfirði en flugvélin var stödd í Vatnsfirði ofan skýja í 3500 fetum. Á Bíldudalsflugvelli var vindur 260°/6 hnútar, skyggni meira en 10 km og QNH 1020. Flugradiómaðurinn upplýsti flugmanninn að það væru skúraský í grennd, en að það væri heiður himinn yfir flugvöllinum. Sagðist flugmaðurinn að hann myndi yfirfljúga flugvöllinn.

Klukkan 14:12 hafði flugmaður TF-ELX samband við flugradiómanninn og sagði að hann væri kominn yfir flugvöllinn, sæi alla flugbrautina og væri að lækka hæð. Flugradiómaðurinn upplýsti flugmanninn að vindur væri 250°/7 hnútar.

Klukkan 14:15 hafði flugmaður TF-ELX samband við flugradiómanninn og spurði hvernig vindurinn væri og hvort að þeir ættu að lenda út fjörðinn. Flugradiómaðurinn upplýsti að það væri breytileg átt á flugvöllinum, á flugbrautarenda 22 væru 240°/4 hnútar og á flugbrautarenda 04 væru 250°/7 hnútar. Lét þá flugmaðurinn vita að hann væri að koma

inn á stutta lokastefnu [til norðausturs]. Flugradíómaðurinn upplýsti að það væru 250°/7 hnútar og svaraði flugmaðurinn að hann myndi yfirfljúga flugvöllinn og myndi svo lenda inn [til suðvesturs].

Flugmaðurinn yfirflaug flugvöllinn til norðausturs og samkvæmt vindpoka var vindur þvert á flugbrautina. Flugmaðurinn beygði inn á lokastefnu fyrir flugbraut 22 og hóf undirbúning fyrir landingu. Hann tók meðvitaða ákvörðun um að lenda innarlega á flugbrautinni, því hann taldi vind standa betur á innar á flugbrautinni því að vindurinn sló út með fjallinu.

Rétt fyrir landingu, upplýsti flugradíómaðurinn flugmanninn að vindur væri 250°/5 hnútar.

Flugradíómaðurinn fylgdist með landingu flugvélarinnar, en hún sveif langt inn eftir flugbrautinni og lenti klukkan 14:17.

Að sögn flugmannsins var eins og hann hefði fengið hliðarvind og jafnvel aðeins meðvind rétt fyrir landingu og snérist flugvélin því aðeins á flugbrautinni í landingunni.

Flugmaðurinn ætlaði að rétta flugvélinu af á flugbrautinni, en treysti sér svo ekki til þess þar sem hún er stélhjólflugvél og hann vildi forðast „groundloop“. Stefndi þá flugvélin út af flugbrautinni og inn á öryggissvæði.

Eftir að flugvélin kom út á öryggissvæðið sá flugmaðurinn að hann stefndi í átt að skurði handan öryggissvæðisins og ákvað því að beygja flugvélinni til hægri.

Við það snérist flugvélin 180° til hægri og rakst vinstri vængendinn og vinstri endi stélsins niður. Skemmdist vinstri vængendinn og stélið rispaðist.



Flugmaðurinn var með einkaflugmannspróf og um 1300 flugtíma reynslu, þar af yfir 800 flugtíma á þessa flugvél.

RNSA lokaði málinu með bókun á nefndarfundum þann 3. febrúar 2022.